

## LÖG

### um breytingu á lögum um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlána, nr. 35/2014 (frádráttarliðir).

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þá skal önnur almenn lækkun eða niðurfelling fasteignaveðkrafna sem lögaðilar skv.

1. mgr. 2. gr. framkvæmdu frá og með 1. janúar 2008 og var sambærileg þeim úrræðum sem getur í b- og c-lið 1. mgr. og ekki telst til tekna samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XXXVII í lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, dregin frá þeirri fjárhæð sem ákvarðast skv. 7. gr.

b. Í stað orðanna „skv. 1. mgr.“ í 2. mgr. kemur: skv. 1. og 2. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 29. október 2014.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Hanna Birna Kristjánsdóttir.*